



# Málstefna Skagafjarðar

## 1. gr.

### Leiðarljós og gildissvið

Íslensk málstefna einkennist af málvernd og varðveislu íslenskrar tungu. Samkvæmt 5. gr. laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls nr. 61/2011 bera ríki og sveitarfélög ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og sjá til þess að hún sé notuð. Sveitarfélaginu ber að sjá til þess að allir sem þessa þurfa eigi kost á að fá þjónustu á íslensku tákn máli og jafnframt skal leitast við að tryggja öllum þeim sem þurfa að reiða sig á blindraletur upplýsingar á því letri eða í talgervlum.

Í rafrænni þjónustu sveitarfélagsins skal allt mál vera skýrt og auðskiljanlegt þannig að íbúar geti hæglega nýtt hana og lokið erindum sínum.

Málstefna er mikilvægur hlekkur í stefnu Skagafjarðar til þess að varðveita íslensku sem aðal tungumál í allri starfsemi og útgáfu á efni sveitarfélagsins og til að vera stofnunum sveitarfélagsins fyrirmynd að því að móta sér tungumálastefnu.

Málstefna þessi gildir á öllum sviðum og starfsstöðvum Skagafjarðar.

## 2. gr.

### Opinbert mál sveitarfélagsins

Íslenska skal vera meginsamskiptamál í þjónustu og vinnuumhverfi starfsstöðva sveitarfélagsins. Þetta gildir líka um viðmót í tölvum, rafrænni þjónustu og helsta notendahugbúnaði. Þannig ber starfsfólki að nota íslensku í störfum sínum og stjórnsýslu nema ef aðstæður krefjast þess að notuð séu önnur tungumál t.d. í þjónustu við íbúa sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Starfsmenn skulu kalla eftir aðkomu túlka þegar nauðsynlega er talin þörf á því.

Allt útgefið efni eins og upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins, fundargerðir, efni á heimasíðu og öðrum miðlum skal vera á einfaldri, vandaðri og skýrri íslensku.

Allir sem búsettir eru í sveitarfélaginu skulu eiga kost á að læra og nota íslensku til almennrar þátttöku í samfélaginu.

Allt efni sem skylt er að upplýsa íbúa og hagsmunaaðila um samkvæmt lögum og reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum skal birta á vandaðri og skýrri íslensku. Sama gildir um skipulagsáskvarðanir, grenndarkynningar, auglýsingar, tilkynningar, reglugerðir og aðrar samþykkti sveitarfélagsins.

### **3. gr.**

#### **Íslenska og önnur tungumál**

Í Skagafirði er litið á margbreytileika mannlífsins og tungumálakunnáttu sem auðlind. Meta skal þekkingu og menntun starfsfólks af erlendum uppruna að verðleikum og veita því aðstoð til að nýta hana samhliða því að ná góðum tókum á íslensku máli. Starfsfólk, sem er í beinum samskiptum við íbúa, skal hafa grundvallarfærni í íslensku, samanber námskrá í íslensku fyrir útlendinga.

Þá eru stofnanir sveitarfélagsins hvattar til að móta sér tungumálastefnu í samræmi við aðstæður á hverjum stað fyrir sig. Tungumálastefnu sem byggir á því að samfélagið sé lykillinn að því að læra íslensku.

Vélpýðing á önnur tungumál skal vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins auk þess sem vefefni skal vera aðgengilegt fyrir blinda, leshamlaða og fólk með aðrar skerðingar í samræmi við WCAG 2.0 staðla.

### **4. gr.**

#### **Málfar og málnotkun**

Sá sem kemur opinberlega fram fyrir hönd Skagafjarðar talar og ritar vandað mál og sýnir vinsemi og virðingu í öllum samskiptum og þjónustu. Starfsmenn sem svara erindum skrifa einfaldan og skýran texta og forðast gildishlaðin lýsingarorð, flókin fagheiti og skammstafanir. Starfsfólk skal nota vandaða íslensku í samskiptum og þjónustu og þýða eins og kostur er á íslensku fagheiti og hugtök í störfum sínum.

Starfsfólk í þjónustu sveitarfélagsins skal hafa greiðan aðgang að öllum helstu handbókum um íslenskt mál, s.s. íslenskri orðabók, stafsetningarorðabók, samheitaorðabók auk helstu orðabóka til þýðinga. Það skal jafnframt geta nýtt sér allan tiltækan máltækniþúnað fyrir íslensku og önnur tungumál, svo sem leiðréttingarforrit, talgervla, talgreina og þýðingaforrit.

Mikilvægt atriði í málstefnu er nýyrðasmíð. Þegar ný orð koma í íslenska tungu þarf að finna þeim íslenskt heiti í staðin fyrir að nota tökuorð úr öðrum tungumálum. Verndun og rétt notkun er mikilvæg því tungumálið geymir menningu og sögu samfélagsins.

Starfsfólki sem ekki hefur íslensku að móðurmáli skal reglulega gefinn kostur á hagnýtri íslenskukennslu til þess að öðlast grunnfærni í íslensku.

### **5. gr.**

#### **Ábyrgð**

Byggðarráð ber ábyrgð á málstefnu Skagafjarðar en fagsvið og stjórnendur stofnana sveitarfélagsins bera ábyrgð á að fylgja henni eftir.

Málstefna Skagafjarðar tekur gildi við samþykkt sveitarstjórnar og skal endurskoðuð á fimm ára fresti. Sveitarstjóri ber ábyrgð á að stefnan sé uppfærð.

*Samþykkt í byggðarráði Skagafjarðar, 5. mars 2025 og sveitarstjórn Skagafjarðar, 12. mars 2025.*